



92. Stjórnarfundur Fenúr

21. nóvember 2006

Mætt: Guðmundur T. Ólafsson, Helga Bjarnadóttir og Úlfar Haraldsson

Staður og stund: Línuhönnun kl. 14:00

1. Fundargerð síðasta fundar einróma samþykkt.
2. Dagsetning aðalfundar rædd hugmynd um að halda fundinn 26. eða 27. apríl og staðsetningar sem komu upp voru Sauðárkrókur eða Húsavík.
Hugmynd að dagskrá:

- Grænar lausnir / bylgjupappi
- Svæðisáætlun höfuðborgarsvæðisins
- Fyrirlestur af höfðuðborgarsvæðinu
- Svæðisáætlun Eyjafjarðar
- LCA greining á einnota pappír, pappa og plastumbúðum

Hugmynd að nafni á ráðstefnunni:

- Lífið eftir svæðisáætlun
- Hvað næst, eftir svæðisáætlanir
- Úrgangsáætlanir og framkvæmdir
- Úrgangsáætlanir og raunhæfar lausnir
- Áætlanir og lausnir

3. GTÓ sagði frá því að fréttablaði Fenúr yrði dreift á pappír þetta sinn, meðal dreifingarstaða væru verkfræðistofur, sveitarfélög, skólar, félagsmenn, ráðuneyti sem skipta máli, Alcoa, Landsvirkjun, orkufyrirtæki o.fl. Fjöldi eintaka ætti eftir að koma í ljós.

4. Önnur mál:

- Gyða hjá Sorpu spurðist fyrir um hvort ekki væri hægt að nota Fenúr-merki negatívt.
- GTÓ sagði frá fyrirspurn sem lægi fyrir um fundartíma með umhverfisráðherra. Guðmundur og Ragna fara á fundinn.

- Hugmynd kom upp um að halda kvöldfund eftir áramót, efni fundar gæti verið: - Svæðisáætlun
- Kynning á Norsku skýrslunni
- Spurning hvort ætti að halda morgunverðarfund eða jafnvel hádegisfund í stað kvöldfundar.
- HB tók að sér að ath með sal verkfræðinga og ath hvort hægt væri að kynna fundinn sameiginlega með Verkfræðinga- og Tæknifræðingafélaginu sem hádegisfund.
HB ætlaði jafnframt að senda póst á félagið og ath hvort Fenúr fengi að senda inn grein um merkin sín í Verktækniblað.

Næsti fundur ekki ákveðin, GTÓ sagðist boða hann eftir áramót.

Fundi slitið kl. 15:30

ÚH